



Danska arkitektastofan BIG er þekktust fyrir háhýsi, framsæknar hugmyndir og byggingar sem líta út eins og fjöll. Þess vegna er athyglisvert að skoða eina af þeirra nýjustu byggingum sem hýsir Danska siglingasafnið (*Handels- og Søfartsmuseet*) sem nýlega var opnað. Safnið er staðsett við Kronborg kastala á Helsingör, en sá kastali kemur fyrir í sögunni um Hamlet eftir Shakespeare. Kastalinn sem er í endurreisnarstíl er einn af þeim merkilegustu í norður-Evrópu og er hann á skrá UNESCO yfir menningarminjar. Það kom aldrei til greina að hanna stóra áberandi byggingu á svæðinu þar sem að strangar skipulagsreglur banna að útsýni að kastalanum sé skert. Safnið var því byggt neðanjarðar, í kringum og að hluta til ofan í gamalli þurrkví, hæsti hluti byggingarinnar er glerhandriðið sem liggur meðfram barmi þurrkvíarinnar.



Fyrstu hugmyndir snerust um að nota kvíina sem ramma í kringum bygginguna en í staðinn var ákveðið að kvíin fengi að halda sér og eru upphaflegir veggir hennar notaðir sem rammi í kringum aðalinngang safnsins. Á botni hennar geta gestir upplifað hversu stórt umfang skipasmíðin hefur haft. Brýr tengja saman ólíka hluta safnsins auk þess sem þær tengjast stígakerfi

svæðisins. Zikk Zakk brú leiðir gesti að aðalinnganginum. Í safninu er hægt að læra um siglingarsögu Danmerkur í víðum skilningi, allt frá fiskveiðum, landkönnun og verslun til hernaðar. Sýningarrýmið er samliggjandi en á safninu eru einnig að finna fyrirlestrarsal, kennslurými, skrifstofur og kaffihús sem öll opnast út í botn þurrkvíarinnar sem er orðin að útisvæði. Form brúanna og sú staðreynd að öll gólf sýningarinnar hafa eru hallandi veita gestum þá upplifun að þeir séu staddir á hafi úti. Umhverfið í kringum bygginguna var hannað af stofunni KiBiSi og leika þeir sér að mors stafrófinu en bekkir þeirra sem líkjast bryggju-pollum eru formaðir eins og punktar og strik og mynda þannig leyndardómsfullar setningar. Eins og svo oft hjá BIG arkitektum er efnisval og form frekar einfalt og hrátt en útfærslurnar og skipulag byggingarinnar magna upplifun gestanna þegar þeir ferðast um svæðið.

